

## 4. bekkur náttúrugreinar

---

Kennarar: Ester Rún Antonsdóttir; Rakel Þórhallsdóttir

### Lýsing

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 1.-4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

### Markmið

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemanda á umhverfinu. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita athygli, afla gagna og jafnframt að treysta á forvitni sína. Unnið er eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrá.

### Námsefni

Bækur: Komdu og skoðaðu hringrásir, Komdu og skoðaðu eldgos, Könnum kortin, myndefni, fræðsluvefir og náttúran sjálf.

### Kennsluáðferðir

Innlögn kennara, samlestur, útikennsla, vettvangsferðir, einstaklings- og hópavinna.

### Námsmat

Leiðsagnarmat (munnlegar og skriflegar umsagnir), flutningur verkefna og vinnubrögð nemenda eru metin. Námsmat er skráð með hæfnitáknum í mentor

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Geta til aðgerða

- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
- Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.
- Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum.
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
- Unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð.
- Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Vinnubrögð og færni

- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
- Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
- Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.
- Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.